

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 171/2023

2023/EES/87/28

frá 13. júní 2023

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/1179 frá 16. júlí 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1051/2011 að því er varðar heildartöflur og einstaklingsbundnar gagnaskrár fyrir gagnasendingar ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 7ca (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1051/2011) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 1179**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1179 frá 16. júlí 2021 (Stjtið. ESB L 256, 19.7. 2021, bls. 89).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1179, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 256, 19.7.2021, bls. 89.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.